



MYND1SY05

Kennsluáætlun – vorönn 2016

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnst nemendur ísómetríu sem og eins og jafnvel tveggja punkta fjarvídd og vinna myndir með þeirri tækni ýmist skyggðar blýantsmyndir eða málaðar með þekjulitum. Nemendur kynnst blindteikningu og vinna þannig andlitsmyndir í vatnslitum. Nemendur kynnst einnig nokkrum aðferðum við leirmótun og móta sína eigin hluti.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ísómetríu.
- eins punkta fjarvídd.
- tveggja punkta fjarvídd.
- hvernig mögulegt er að vinna með þessi hugtök í blýantsskyggingum og þekjulitum.
- blindteikningu.
- einni eða fleiri aðferðum til leirmótunar.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sér ísómetríu í sinni myndgerð.
- nýta sér eins og jafnvel tveggja punkta fjarvídd í blýants og þekjulitamynd.
- vinna með þessi hugtök í blýantsskyggingum og þekjulitum.
- að nýta sér blindteikningu í eigin mynd.
- móta einföld leirverk út frá ýmsum aðferðum.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- teikna einfaldar myndir í ísómetríu
- teikna einfaldar myndir út frá eins og tveggja punkta fjarvídd og vinna þær áfram í blýant og lit
- teikna andlit með blindteikningu

- móta einfalda leirhluti með ýmsum aðferðum

Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur fá teiknipappír en koma með sína blýanta, yddarar og strokleður eru til afnota í stofunni.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.